

## Svar

### mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rannveigu Sigurgeirsdóttur um ungmennaráð.

1. *Í hversu mörgum sveitarfélögum er starfandi ungmennaráð í samræmi við 11. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007?*

Samkvæmt upplýsingum mennta- og barnamálaráðuneytis voru starfrækt ungmennaráð í 47 af 72 sveitarfélögum árið 2020. Þess ber að geta að starfsemi einhverra þeirra lá þó tímabundið niðri á því tímabili sem upplýsingunum var safnað.

2. *Hversu mörg þeirra sveitarfélaga greiða fulltrúum í ungmennaráðum laun fyrir setu í ráðunum?*

Ekki er lögð sérstök skylda á sveitarfélög að greiða þóknun fyrir setu í ungmennaráðum sveitarfélaga samkvæmt æskulýðslögum, nr. 70/2007, en ráðuneytinu er kunnugt um að einhver sveitarfélög hafi tekið upp slíkt fyrirkomulag á grundvelli ákvörðunar sveitarstjórnar. Upplýsingar um fjölda þeirra liggja ekki fyrir. Tekið verður til sérstakrar skoðunar hvort ástæða sé til að fjalla um greiðslur til fulltrúa í ungmennaráðum við fyrirhugaða endurskoðun æskulýðslaga, nr. 70/2007, sem nánar er fjallað um í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar.

3. *Hyggst ráðherra styrkja stöðu ungmennaráða um allt land, og ef svo er, hvernig?*

Já, ráðherra hyggst styrkja stöðu ungmennaráða um land allt og styrkja þannig rétt barna til þátttöku í samræmi við ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, með ýmsum hætti.

Vinna er hafin við endurskoðun æskulýðslaga, nr. 70/2007. Þar stendur til að lögfesta ungmennaráð sveitarfélaga og skýra nánar hlutverk þeirra, ábyrgð og umboð í samræmi við stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030 og þingsályktun nr. 28/151, um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Einnig er hafin vinna við að þróa rafrænan þáttökuvettvang sem verður aðgengilegur börnum og ungu fólki á Íslandi og mun þjónusta ungmennaráð, ráðgjafarhópa og ungmennasamtök. Þar verður hægt að sækja stafræna fræðslu um réttindi barna, samfélagsleg málefni, álitamál tengd börnum, taka þátt í samráði og tengjast barnvænni samráðsgátt. Börn og ungmennaráð geta einnig komið ábendingum sínum á framfæri við stjórnvöld í gegnum samráðsvettvanginn og þannig eftl áhrif ungmennaráða og barna um allt land.